

✉ Re: Vinnslutillaga nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019-2031+. Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Búið til	4.9.2020 09:08:37
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	4.9.2020 09:08:35
Tilheyrir	📁 202007-0013 - Vinnslutillaga nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019-2031+.

## Efni

Re: Vinnslutillaga nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019-2031+. Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## Upplýsingar

Upplýsingar		Vinnsla	
Sent	4.9.2020 09:08:35	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill			
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	bergljote@kopavogur.is

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202007-0013 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Kópavogsbæ, dags. 10. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu fyrir nýtt Aðalskipulag Kópavogs 2019-2031+.

Í 68. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir: „Við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. [61. gr.]<sup>1)</sup> og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.“

Aðalskipulag Kópavogs er að miklu leiti um þéttbýli bæjarins og þ.a.l. að stórum hluta utan hlutverks Náttúrufræðistofnunar, sbr. framangreinda 68. gr. Innan þéttbýlisins/skipulagsins eru þó svæði sem eru friðlýst og/eða njóta sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd eða eru á náttúruminjaskrá. Einnig eru svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að verði vernduð og eru að hluta á ábyrgð Kópavogsbæjar í þessu sambandi er vísað til tillagna Náttúrufræðistofnunar um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár <https://www.ni.is/midlun/naturuminjaskra> (<https://www.ni.is/midlun/naturuminjaskra>) en þar vísað til tillögu um vernd Álftanes – Skerjafjarðar <https://www.ni.is/node/18023> (<https://www.ni.is/node/18023>) og tillögu um vernd Elliðavatns <https://www.ni.is/node/21557> (<https://www.ni.is/node/21557>). Á það skal bent að þessar tillögur eru enn í ferli skv. 36. gr. laga um náttúruvernd og því ekkert ákveðið um þær né nauðsynlegar verndarráðstafanir. Tillögurnar eru hins vegar faglegt álit Náttúrufræðistofnunar um verndargildi svæðanna og í fullu samræmi við stefnumarkmið Kópavogsbæjar þar sem bærinn vísar t.d. í heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjá markmið 15. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að verndun framangreindra svæða nái fram að ganga. Verndun

Þessara svæða á fyrst og fremst að vera til þess að öll umgengni um svæðin hvort sem það eru framkvæmdir, útvist eða t.d. sportveiði sé með þeim hætti að verndin tryggi ákjósanlega verndarstöðu svæðanna hvort sem um er að ræða lífríki eða jarðminjar.

Það getur verið ókostur við aðalskipulag að þar eru sett inn stór svæði undir ákveðna landnotkun án þess að fram hafi farið ítarleg greining á hvaða náttúrufarsþætti þar er að finna, hvert sé gildi þeirra er og hver hugsanleg áhrif verða af landnotkuninni. Það er því oft ekki fyrr en á deiliskipulagsstigi að hægt er að segja til um hver hin eiginlegu áhrif verða af fyrirhugaðri landnotkun. Af svæðum sem einna helst snerta hlutverk Náttúrufræðistofnunar eru það svæði innan upplands Kópavogs og önnur verndarsvæði. Innan upplandsins eru stór verndarsvæði bæði sem fólkvangur og vegna sérstakrar verndar s.s. eldhraun eða vatnsvernd. Náttúrufræðistofnun gerir því ráð fyrir, sbr. 68. gr. hér að framan og gert hefur verið, að fá til umsagnar deiliskipulag/framkvæmdir á þeim svæðum sem falla undir greinina og áskilur sér því rétt til að gera athugasemdir á síðari stigum.

Náttúrufræðistofnun tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í Greinargerð í kafla 4.1.3. um óbyggð svæði og um friðlýst svæði í kafla 4.1.6. sem og um önnur náttúruverndarsvæði í kafla 4.1.7. Vegna kafla 4.1.7 er rétt að benda aftur á umfjöllun hér að framan um tillögur Náttúrufræðistofnunar að verndarsvæðum skv. B-hluta náttúruinjaskrár.

Á bls. 58 segir: „Í upplandi Kópavogs er stór hluti lands skilgreindur sem óbyggt svæði og mörg svæði ætluð til útivistar. Má þar nefna Bláfjallafólkvang, Lækjarbotna, Selfjall og Reykjanesfólkvang.“ Jafnframt segir þar: Stórt svæði, innan Þjóðlendu, þar sem skipulagi var frestað í aðalskipulaginu 2012-2024 er nú skipulagt. Gerð er tillaga að stækkun skógræktarsvæðis, til austurs að Bláfjallavegi, að Suðurlandsvegi í norðri, hraunjaðri og hlíðum Sandfells í suðri. Flugvöllurinn Sandskeiði er afmarkaður landnotkunarkorti /sveitarfélagsuppdrætti og stór hluti upplandsins skilgreindur sem óbyggt svæði enda liggur nútímahraun þar um á stóru svæði.“ Á bls. 57 segir um leiðir sem mótvægisáðgerðir vegna loftslagsbreytinga: „Gróðursetning í upplandi Kópavogs, innan þéttbýlis og þéttingarmarka sem stuðlar að kolefnisjöfnun og kolefnisbindingu í samræmi við heimsmarkmið 15.2 um sjálfbærni skóga og heimsmarkmið 13.2 um ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga.“

Í kafla 4.1.12 Skógrækt og uppgræðsla segir að unnið verði að landgræðslu og skógrækt í samræmi við heimsmarkmið 15.2. Gert er ráð fyrir samtals um 890 ha til skógræktar í upplandi Kópavogs og nýtt svæði skilgreint, SK-5 um 400 ha. Er þetta því ein stærsta breytingin frá því áður. Hér þarf því að gera skógræktaráætlanir með mikilli nákvæmni þar sem um svo stórt svæði er að ræða í upplandinu og munur á aðalskipulagi og deiliskipulagi því mikill. Minnt er á að skógræktaráætlanir af þessari stærðargráðu falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun vara við því að nota skógrækt, oft án gagnrýni, sem mótvægisáðgerð til að kolefnisjafna útlosun á koltvísýringi sem á sér stað í dag eins og virðist orðið alsiða, t.d. þegar keypt er bensín og akstur kolefnisjafnaður eða flugferðir kolefnisjafnaðar. Kolefnisjöfnun með þessum hraða stenst auðvitað ekki því það tekur skóg áratugi að binda koltvísýring og engin víska er fyrir því að það takist í samræmi við losun vegna annarra umhverfisaðstæðna. Að „geta“ kolefnisjafnað getur haft þveröfug áhrif og beinlínis dregið úr vilja til minnka notkun jarðefnaeldsneytis. Einnig þarf að vera hægt að mæla árangur af bindingu sem krefst góðrar vöktunar. Vissulega bæta skógar á heimsvísu loftgæði og vernda þarf náttúrulega skóga og endurheimta. Það þarf hins vegar að vera gert í samræmi við vernd líffræðilegrar fjölbreytni en ekki óskilgreinda kolefnisjöfnun. Skógrækt á Íslandi fer hins vegar fram að miklu leiti með framandi tegundum, og stundum ágengum, og getur því stangast verulega á við önnur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem snúa að vernd náttúrulegra vistkerfa. Greniskógar eru t.d. ekki góð búsvæði rjúpu og þar þrífast ekki heldur berjalönd. Það þarf því að gera áætlanir fyrir skógræktarsvæði sem taka mið af öllum skuldbindingum ekki bara þeim sem henta hverju sinni. Á það skal bent að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna snúa einnig að því að fylgt sé eftir samningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og einnig t.d. Bernarsamningnum eða Ramsarsamningnum. Þessir samningar gera ráð fyrir vernd náttúrulegra vistkerfa og tegunda og jafnframt að endurheimt lands sé gerð í samræmi við náttúruleg vistkerfi. Þetta þarf að vera skýrt í allri umfjöllun í aðalskipulaginu en að þessu er vikið í greinargerð með því og er það vel en tryggja þarf eftirfylgni. Einnig á að taka tillit til jarðminja og landslags og t.d. ekki heimila skógrækt upp að hraunjöðrum og þar með hylja ásynnd hrauna og auðvelda sjálfsáningu trjáplantna inn á hraunin m.a. framandi tegunda.

Náttúrufræðistofnun gerir hér sérstaklega athugasemd við að farið sé gætilega í að ákveða stór svæði undir skógrækt enda virðist þar vera um að ræða stærsta nýja skipulagssvæðið í upplandinu. Almennar athugasemdir stofnunarinnar um vernd lífríkis og jarðminja eiga þó við um öll svæði sem tekin eru undir nýjar framkvæmdir. Þ.e. að alltaf skal leitað leiða til að lágmarka neikvæð áhrif á náttúru svæða hvort sem þau eru innan þéttbýlis/jaðri þéttbýlis (ný svæði) eða í upplandinu. Mikilvægt er að horfa heildstætt á

samspil framkvæmda og mótvægisáðgerða sbr. t.d. athugasemdir um kolefnisjöfnuð hér að framan. Eins og kaflar í greinargerð aðalskipulagsins um náttúru- og umhverfisvernd eru settir fram og ef þeirri stefnu sem þar er boðuð er fylgt eftir þá er þar góður grunnur að byggja á.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



**From:** "Bergljót Sigríður Einarsdóttir" <bergljote@kopavogur.is>  
**To:** "birna@skipulag.is" <birna@skipulag.is>; "helena@skipulag.is" <helena@skipulag.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "kristins@umhverfisstofnun.is" <kristins@umhverfisstofnun.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "natkop" <natkop@kopavogur.is>; "Finnur Ingimarsson" <finnur@natkop.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "gudnygerdur@minjastofnun.is" <gudnygerdur@minjastofnun.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "halldorz@icetra.is" <halldorz@icetra.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "holmfridur.bjarnadottir@veitur.is" <holmfridur.bjarnadottir@veitur.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "hhk@heilbrigdiseftirlit.is" <hhk@heilbrigdiseftirlit.is>; "pall@heilbrigdiseftirlit.is" <pall@heilbrigdiseftirlit.is>; "legal@isavia.is" <legal@isavia.is>; "isavia@isavia.is" <isavia@isavia.is>; "straeto@straeto.is" <straeto@straeto.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "skipulag@reykjavik.is" <skipulag@reykjavik.is>; "haraldur.sigurdsson@reykjavik.is" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>; "bjorn.axelsson@reykjavik.is" <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "arinbjorn@gardabaer.is" <arinbjorn@gardabaer.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "jbh@mos.is" <jbh@mos.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "thormodurs@hafnarfjordur.is" <thormodurs@hafnarfjordur.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "gunnlaugur@olfus.is" <gunnlaugur@olfus.is>; "grindavik@grindavik.is" <grindavik@grindavik.is>; "postur@seltjarnarnes.is" <postur@seltjarnarnes.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "for@for.is" <for@for.is>; "regina.sigurdardottir@for.is" <regina.sigurdardottir@for.is>; "sigurdur.o.gudleifsson@for.is" <sigurdur.o.gudleifsson@for.is>; "Ármann Kristinn Ólafsson" <armann@kopavogur.is>; "Bergljót Kristinsdóttir" <bergljote@kopavogur.is>; "Birkir Jón Jónsson" <birkir.jon@kopavogur.is>; "Einar Örn Þorvarðarson" <einar.orn@kopavogur.is>; "Guðmundur Gísli Geirdal" <gudmundur.geirdal@kopavogur.is>; "Hjördís Ýr Johnson" <hjordis.yr@kopavogur.is>; "Karen Elísabet Halldórsdóttir" <karen.halldors@kopavogur.is>; "Margrét Friðriksdóttir" <margret.fridriks@kopavogur.is>; "Pétur Hrafn Sigurðsson" <petur.hrafn@kopavogur.is>; "Sigurbjörg Erla Egilsdóttir" <sigurbjorg.erla@kopavogur.is>; "Theódóra Þorsteinsdóttir" <theodora.thorsteins@kopavogur.is>; "juliushaf@gmail.com" <juliushaf@gmail.com>; "Kristinn D Gissurarson" <kristinn DAGUR@gmail.com>; "hauksdottir.helga@gmail.com" <hauksdottir.helga@gmail.com>; "andristeinnhilmars@gmail.com" <andristeinnhilmars@gmail.com>; "Erlendur H. Geirdal" <egeirdal@gmail.com>; "Hreiðar Oddsson" <hreidaro@kopavogur.is>; "indridistefans@gmail.com" <indridistefans@gmail.com>; "kristinhermannsdottir@hotmail.com" <kristinhermannsdottir@hotmail.com>; "sigurdur.sigurbjornsson@gmail.com" <sigurdur.sigurbjornsson@gmail.com>; "Steingrímur Hauksson" <steingr@kopavogur.is>; "Anna Birna Snæbjörnsdóttir" <annabs@kopavogur.is>; "Aðalsteinn Sígússon" <Aadalsteinn@kopavogur.is>; "Pálmi Þór Másson" <palmithor@kopavogur.is>; "Auður Finnbogadóttir" <audurfinn@kopavogur.is>; "Amanda K. Ólafsdóttir" <amanda.olafsdottir@kopavogur.is>; "Anna Klara Georgsdóttir" <annaklara@kopavogur.is>; "kopa@vogur.is" <kopa@vogur.is>; "skogkop@gmail.com" <skogkop@gmail.com>; "sprettur@sprettarar.is" <sprettur@sprettarar.is>; "Breiðablik" <breidablik@breidablik.is>; "Breiðablik-Eysteinn Pétur Lárusson - Framkvæmdastjóri" <eysteinn@breidablik.is>; "HKmailið" <hk@hk.is>; "Hanna Carla Jóhannsdóttir" <hannacarla@hk.is>; "Gerpla" <gerpla@gerpla.is>; "Olga Bjarnadóttir" <olgab@gerpla.is>; "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>

**CC:** "Skipulag" <Skipulag@kopavogur.is>

**Subject:** Vinnslutillaga nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019-2031+. Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr.

123/2010.

Date: 10.7.2020 10:11:46

Góðan dag

**Efni: Vinnslutillaga nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019-2031+.**

**Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Á fundi skipulagsráðs Kópavogs 7. júlí 2020 var lögð fram og kynnt vinnslutillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2031+. Um er að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi 2012-2024. Skipulagslýsing nýs aðalskipulags var kynnt í janúar 2019. Gögn vinnslutillögu eru;

- skipulagsupprættir, þéttbýlisuppráttur og sveitarfélagsuppráttur, dags. 2. júlí 2020,
- greinargerð, dags. 3.-7. júlí 2020, ásamt umhverfisskýrslu (júlí 2020) og öðrum viðaukum.

Skipulagsráð samþykkti að láta kynna framlagða vinnslutillögu í samræmi við 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, um gerð aðalskipulags, kynningu og samráð.

Vinnslutillagan, ásamt fylgigögnum, er kynnt, íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum, á heimasíðu Kópavogs.

Sjá slóð: <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>  
(<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>)

Kynningarfundur er áætlaður fimmtudag 20. ágúst kl. 17:00 til 18:30 í Hörðuvallaskóla, Baugakór 38, 203 Kópavogi. Vinnslutillagan og kynningarfundurinn er auglýst á heimasíðu Kópavogs og í Fréttablaðinu 11. júlí 2020. Afrit af auglýsingu er einnig að finna á heimasíðunni.

Vakin er athygli á að í greinargerð er yfirlit yfir helstu breytingar sem gerðar eru á gildandi aðalskipulagi (2012-2024) í „Viðauka 4, Breytingar á aðalskipulagi“.

- Þar er m.a. vísað í kort 7. kafla „Breytingakort“ í köflum; 7.2.3 Helstu breytingar á Kársnesi; 7.3.3 Helstu breytingar á Digranesi; 7.4.3 Helstu breytingar í Smára; 7.5.3 Helstu breytingar í Fifuhvammi; 7.6.3 Helstu breytingar í Vatnsenda; 7.7 Helstu breytingar í upplandi Kópavogs.

Umsögn: Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um gerð aðalskipulags, kynningu og samráð er hér með óskað eftir umsögnum/áþendingum hagsmunaaðila fyrir 31. ágúst 2020 kl. 15.00.

Virðingarfyllt

f.h. skipulagsstjóra Kópavogs

Bergljót S. Einarsdóttir

arkitekt/verkefnastjóri aðalskipulags

Gögn til kynningar á heimasíðu Kópavogs

<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>  
(<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu>)

Gögn vinnslutillögunnar eru;

- Greinargerð, dags. 3.-7. júlí 2020, ásamt viðaukum:
  - Umhverfisskýrsla, júlí 2020

- Niðurstóður mikilvægisgreiningar, febrúar 2020
- Breytingar á aðalskipulagi
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og stefna bæjarstjórnar Kópavogs
- Þéttbýlisuppráttur og sveitarfélagsuppráttur, dags. 2. júlí 2020.
- Þemakort, vegaskrá, drög dags. 7. júlí 2020

#### Fylgirit

- Umferðarspá fyrir sama tímabil þ.e. 2019-2031+
- Fornleifaskrá Kópavogs, uppfærð 2020
- Fornleifaskrá fyrir uppland Kópavogs, 2020

#### Sent til:

Skipulagsstofnun

Vegagerðin

Umhverfisstofnun

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrufræðistofa Kópavogs

Minjastofnun Íslands

Samgöngustofa

Veitur ohf

Landsnet

Orkustofnun

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis

Isavia ohf

Strætó

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavík, Umhverfis- og samgöngusvið

Garðabær

Mosfellsbær

Hafnarfjörður

Sveitarfélagið Ölfus

Grindavíkurbær

Seltjarnarnesbær

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Veðurstofan

Forsætisráðuneytið

Nefndir, ráð og svið Kópavogsbæjar

Stefnumótun/heimsmarkmið, öldungaráð, ungmennaráð

Sögufélag Kópavogs


Skógræktarfélag Kópavogs

Hestamannafélagið Sprettur

Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla, og Íþróttafélagið Glóð

Bergljót S. Einarsdóttir,  
verkefnastjóri aðalskipulags  
sími + 354 441 0000 / bergljote@kopavogur.is (mailto:bergljote@kopavogur.is)

Umhverfissvið Kópavogs, skipulags- og byggingardeild,  
Digranesvegur 1, 200 Kópavogur  
skipulag@kopavogur.is (mailto:skipulag@kopavogur.is) www.kopavogur.is (http://www.kopavogur.is/)



## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.png (8 KB)

image003.png (4 KB)